

Kópavogsbær

Skipulags- og byggingarfulltrúi


Bláfjöll - skíðasvæði

Fyrirspurn um hvort gera þurfi breytingu á deiliskipulagi og ef það er niðurstaðan er óskað eftir heimild til að vinna breytingu á deiliskipulagi.

Fyrirhugað er að byggja upp snjóframleiðslukerfi á skíðasvæðinu í Bláfjöllum en gert er ráð fyrir slíku kerfi í gildandi deiliskipulagi skíðasvæðisins.

Frá því deiliskipulagið öðlaðist gildi hefur verið unnið nánar að mögulegri staðsetningu lóns vegna snjóframleiðslu og talið er líklegt að lónstæðið verði aðeins norðar en það er sýnt í deiliskipulagi. Vegna færslu lónsins mun borplan hliðrast samhliða færslu lónsins.

Hér að neðan er hluti gildandi deiliskipulagsuppráttar þar sem sjá má núverandi staðsetningu lóns snjóframleiðslu og byggingarreit borplans. Rauður hringur á upprætti sýnir líklega staðsetningu lóns snjóframleiðslu miðað við núverandi áætlanir.



Fyrir hönd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er óskað eftir afstöðu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulagsráðs hvort breyta þurfi deiliskipulagi vegna þess sem fram kemur hér að ofan. Ef afstaðan er sú að breytt staðsetning lóns og borplans kalli á breytingu á deiliskipulagi er óskað eftir heimild til að leggja fram tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi.

F.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Magnús Árnason

Framkvæmdastjóri